

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 56/2008**

**frá 25. apríl 2008**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2008 frá 14. mars 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2216/2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar <sup>(3)</sup> hefur ekki verið felld inn í samninginn og sérstakar kröfur þeirrar ákvörðunar um skýrslugjöf taka því ekki til EFTA-ríkjanna.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 21an (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004) í XX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32007 R 0916:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 916/2007 frá 31. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 916/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 34, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.